

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/427*  
*komudagur 3.12.2002*

Til efnahags- og viðskiptanefndar. Leyfi mér að senda örfá sjónarmið vegna máls nr. 324.

Það varðar reyndar eingöngu 8. gr. Ég er henni mjög mótfallinn. Tel hana bjóða upp á stjórnsluklúður. Þá er spurning, hvers vegna Akranes, ekki Hella? Ef til yrðu suðausturumdæmi og norðvesturumdæmi, þá liggur Hella betur við. Greinilegt er, að starfsumhverfi og verksvið breytast talsvert. Þarf þá ekki að bjóða einhverjum starfslokasamninga út frá breyttum ráðningarforsendum?

Reynslan af eftirlitsdeild RSK fyrir landsbyggðina er afar góð. Án þess að biðja um nokkra aukafjárveitingu er ósk mín sú, að færa deild RSK aftur í það horf, sem hún var, þegar við á litlu skattstofunum höfðum afsalað okkur rekstrarfé til RSK. Þá var hún öflugust, en fækkað hefur í deildinni síðan.

Ekkert er nú, sem bendir til þess að betra sé að manna 2 nýjar eftirlitsdeildir heldur en áður var. Reynslan af þeim, sem settar voru á koppinn 1996, er sú, að þær hafa koðnað niður.

Nauðsynlegt er að skilgreina rækilega, hvað skatteftirlit er. Ekki má gleyma að skattendurskoðun og kannanir eru í fullu gildi, sem aldrei fyrr, skv. 96. gr. Mitt álit er, að sú skattstofa, sem hefur flestar hækkunar á hverjar 10.000 kennitölur, sinni bestu skatteftirliti, skattendurskoðun og könnunum, jafnvel þótt þar sé ekki sjálfstæð eftirlitsdeild. Dæmi er um, að skattstofa sé með 1.000 hækkunar á hverjar 10.000 kennitölur, en önnur sé með 300 hækkunar á hverjar 10.000 kennitölur. Ef 8. gr. fer í gegn ætti frekar að velja fyrrnefndu skattstofuna en þá síðari. (fjöldi hækkana á ársgrundvelli). Vinsamlega ímyndið yður ekki, að ekkert skatteftirlit sé á skattstofu, þar sem ekki er sjálfstæð eftirlitsdeild.

Hef þetta ekki lengra að sinni.

Virðingarfyllst,  
Hreinn Sveinsson  
Skattstjóri  
Suðurlandsumdæmis.